

# SAMKOMULAG UM KJARASAMNINGSUMBOÐ

Sveitarfélag / stofnun: <input type="text"/>	Kennitala: <input type="text"/>
---	------------------------------------

felur hér með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir sína hönd við eftirtalin stéttarfélög.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags/stofnunar staðfestir umboðsveitingu sveitarfélags/stofnunar með undirritun samkomulags þessa. Kjarasamningsumboðin taka gildi frá undirskriftardegi.

**Nafn stéttarfélags/nöfn stéttarfélaga:**

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Velja stéttarfélag

Annað: <input type="text"/>	Annað: <input type="text"/>
--------------------------------	--------------------------------

Kjarasvið sambandsins mun á grundvelli þessa umboðs sem sveitarfélagið/stofnun hefur veitt annast allar kjaraviðræður við viðkomandi stéttarfélög, ganga frá kjarasamningum og annast útgáfu þeirra í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Vinna að framkvæmd einstakra þátta samninganna á samningstímanum eins og við á og túlka og aðstoða sveitarfélagið/stofnunina við framkvæmd þeirra.

Umboð þetta er fullnaðarumboð og eftir að það hefur verið gefið er sveitarfélaginu/stofnuninni ekki heimilt að hafa afskipti af kjarasamningagerð. Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig til að hlíta markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum og þeim kjarasamningum sem sambandið gerir fyrir þess hönd í öllum atriðum, með staðfestingu stjórnar sambandsins.

Sveitarfélagið/stofnunin skuldbindur sig til að afhenda Sambandi Íslenskra sveitarfélaga upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins/stofnunarinnar. Einnig heimilar sveitarfélagið/stofnunin að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið. Við vinnslu persónuupplýsinga ber bæði sveitarfélaginu/stofnuninni og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga að gæta að skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2918.

Ef sveitarstjórn/stofnun afturkallar kjarasamningsumboð sitt skal það gert með skriflegu erindi til sambandsins eigi síðar en þrem mánuðum áður en gildandi kjarasamningur rennur út. Afturköllunin tekur gildi við lok gildistíma kjarasamningsins.

Ef sveitarfélagið/stofnunin rýfur að mati sambandsins þá skuldbindingu sem hér að framan greinir gagnvart einhverjum þeim kjarasamningi sem veitt hefur verið umboð til að semja um fyrir sveitarfélagið/stofnunina er stjórn sambandsins heimilt, án bóta eða endurgreiðslu á kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins/stofnunarinnar í rekstrarkostnaði sambandsins vegna gerðar kjarasamninga, að skila öllum kjarasamningsumboðum sem sveitarfélagið/stofnunin hefur veitt henni og hætta þjónustu við það á sviði kjaramála. Þannig munu öll ákvæði sem lúta að hlutverki sambandsins í viðkomandi kjarasamningum falla niður gagnvart viðkomandi sveitarfélagi/stofnun og verður þá sveitarfélagið/stofnunin ábyrg fyrir viðkomandi þáttum við framkvæmd kjarasamninga án afskipta sambandsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga innheimtir samningsgjald af sveitarfélögum/stofnunum fyrir þjónustu í kjaramálum. Gjaldið er miðað við uppdeilingu kostnaðar á grundvelli stöðugilda.

Fyrir hönd sveitarfélagsins/stofnunar

---

Samþykkir undirritaður framangreind umboð og skilmála á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar frá \_\_\_\_\_ (dags.) samkvæmt markmiðum og stefnu sambandsins í kjaramálum.

---

**Staður**

---

**Dagsetning**

---

**Undirritun**

Samkomulag þetta staðfestist hér með fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með undirskrift framkvæmdastjóra.

---

**Staður**

---

**Dagsetning**

---

**Undirritun**